

BORGARRÁÐ 27. ágúst 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um loftgæðavandamál - R20080156

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá svör við spurningum er viðkemur loftgæðavandamálum. Hversu mikið hefur kostnaður vegna rakaskemmda í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar aukist síðustu 20 ár? Til hvaða aðgerða er gripið þegar upp kemur grunur um rakaskemmdir og börn og fullorðnir finna fyrir veikindaeinkennum sem líklega má rekja til rakaskemmda. Hversu stór er vandinn í dag? Hversu margir nemendur hafa veikst? Hver er aukningin á milli ára eða áratuga? Hvernig er brugðist við þegar vísbendingar eru um vanda? Er vandinn greindur strax og í framhaldi af greiningu farið í rýmingar á ákveðnum hluta húsnæðis eða er hreinlega allt húsnæði rýmt og hafist handa við viðgerðir? Í þeim tilfellum sem vandi sem þessi hefur komið upp í skólum hafa nemendur og starfsfólk unnið áfram í rakaskemmdu húsnæði meðan að leitað hefur verið leiða til úrbóta? Eða hefur húsnæðið, sá hluti sem talinn er vera sýktur verið rýmdur strax? Hafa fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs kynnt sér hvernig starfsháttum sérfræðinga í rakaskemmdum er háttað í öðrum löndum í Evrópu, eins og t.d. í Þýskalandi?

Greinargerð:

Loftgæðamál vegna rakaskemmda og annara ástæðna hafa verið stórt vandamál í sumum skólum og vinnustöðum Reykjavíkurborgar. Vandinn er tilkominn vegna áralangs vanrækslu borgaryfirvalda að viðhalda húsakosti skólanna og fleiri bygginga borgarinnar. Afleiðingar hafa verið skelfilegar fyrir fjölda nemenda og starfsfólk. Nemendur hafa mátt dúsa of margir í litlum loft-gæðum og jafnvel þótt skólastjórnendur hafi ítrekað kvartað hefur verið brugðist seint og illa við í mörgum tilfellum. Nemendur og starfsfólk hafa kvartað yfir slappleika, höfuðverk, auknu mígreni og annarri vanlíðan vegna ástandsins í sumum skólum. Í ljósi sögunnar óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir að fá svör við nokkrum fyrirspurnum sem tengist rakaskemmdum, viðbrögðum borgaryfirvalda og aðferðum sem notaðar eru til að finna lausn á málinu.